

- 57 Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905,
15. apríl sbr. lög nr. 55 27. júní 1921, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. apríl 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

- 58
17. apríl

AUGLÝSING

um lækkun aðflutningsgjalds af nokkrum vörum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 81 11. júní 1938 er ákveðið að greiða skuli frá því í dag aðflutningsgjöld af eftirtöldum vörum, eins og hér segir:

Nr.	Vara	Tolleining	Vörutollur Aurar	Verðtollur %
1.	Makkaroni	1 kg.	3,36	15,12
2.	Tómatpuré	—	3,36	15,12
3.	Trefjabaðmull (Fiberbomuld)	—	3,36	15,12
4.	Quebrachoextrakt	—	3,36	4,48
5.	Perur nýjar	—	3,36	16,8
6.	Vínber ný	—	3,36	16,8

Þessi aðflutningsgjaldalækkun nær þó að eins til þeirra pera (nr. 5) og vínberja (nr. 6), sem koma hingað til lands á tímabilinu 1. febrúar til 31. júlí ár hvert.

Þetta er birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 17. apríl 1939.

F. h. r.

J. Guðmundsson.

Einar Bjarnason.

- 59
27. apríl

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 61 23. júní 1933, um raforkuvirki.

1. gr.

146. gr., staflíður b, tölulíður 1, orðist þannig:

1. að leyfa, að sá eða þeir, er ekki uppfylla skilyrði til löggildingar sem rafvirkjar við lágspennuvirki, megi annast rafvirkjun við lágspennuvirki við tiltekna orkuveitu, sem fyrir hendi er, þegar þessi reglugerð gengur í gildi, og við nýja orkuveitu, ef hún er eigi stærri en 20 kw. og tekur eigi yfir nema 10 húsveitur eða færri, eða við ákveðna tegund raforkuvirkja utan kaupstaða svo sem við rakstraumsraforkuvirki undir vissu marki að afli. Leyfið getur rafmagnseftirlitið takmarkað þannig, að það veiti að eins rétt til að annast viðhald, viðgerðir og minniháttar breytingar á raflögn en eigi rétt til nývirkjunar.